Hagtíðindi
Statistical Series

Iðnaður
Manufacturing

2005:1 • 2. nóvember 2005

# Verðmæti seldra framleiðsluvara 2004

*Value of sold production 2004*

*Samantekt*

**Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2004 var 302 milljarðar og er það aukning um tæpa 20 milljarða frá árinu 2003. Í 13 atvinnugreinum af 17 jókst söluverðmæti, mest í framleiðslu á lækninga- og rannsóknartækjum (48,9%) en samdráttur var mestur í fata- og leðuriðnaði (-14,8%). Hlutdeild atvinnugreina í söluverðmæti framleiðsluvara er stöðug á tímabilinu 2003–2004 en hlutdeild matvæla- og drykkjarvöruiðnaðar er langmest. Árið 2004 nam hún 55,1% af heildarverðmæti, þar af 37,4% vegna fiskvinnslu.**

## Iðnaðarskýrslur

*Um skýrslugerðina*

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2004. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, Prodcom, og má þannig bera saman framleiðslu hérlendis við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Að auki var upplýsingum safnað um veitta þjónustu sem í vöruskránni er flokkuð sem framleiðsla, þ.m.t. viðgerðarþjónusta.

*Þátttakendur*

Iðnfyrirtæki sem voru með yfir 30 milljónir króna í veltu á árinu 2004 fengu sent eyðublað til útfyllingar, alls 613 fyrirtæki. Velta þeirra vegna iðnaðarstarfsemi árið 2004 er 302,5 milljarðar króna. Af þessum fjölda veittu 363 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 27 fyrirtæki reyndust ekki eiga heima í könnuninni en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 90% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Allt til ársins 2003 voru viðmiðunarmörk fyrir þátttöku 15 milljóna króna velta og árlegt úrtak því nokkru stærra. Til að auðvelda gagnasöfnun og minnka álag á svarendur var ákveðið að hækka viðmiðunarmörkin upp í 30 milljóna króna veltu. Þar með fækkaði þátttakendum úr rúmlega 800 í rúmlega 600. Þessi breyting hefur lítil áhrif á áreiðanleika könnunarinnar, því að samanlögð velta þeirra 200 fyrirtækja sem ekki ná nýju veltulágmarki en náðu eldra veltulágmarki nemur aðeins 1,6% af heildarveltu fyrirtækjanna.

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara er sem fyrr birt með og án söluverðmætis í fiskvinnslu, en fiskvinnsla er langstærsta einstaka atvinnugreinin, með um og yfir 40% hlutdeild í heildarverðmæti síðustu ár.

*Talnaefni*

Í töflum um iðnaðarframleiðslu eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er síðan sundurliðað niður á 3–9 stafa Prodcom vörunúmer. Alls eru birtar upplýsingar yfir 130 vörutegundir. Verðmæti þeirra vörutegunda, sem ekki er

Hagstofa Íslands

sérstaklega sundurliðað er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ót.a.“ Við þá tölu bætast ennfremur verðmæti viðgerðarþjónustu þar sem það á við. Fyrir hverja vöru er tilgreind magneining, fjöldi framleiðenda, magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Frá þessari reglu er vikið hvað varðar tölur um fiskvinnslu en þær sýna *áætlaða heildarframleiðslu til útflutnings.* Árið 2002 var sú nýbreytni tekin upp að tölur fyrir framleiðslu í mjólkuriðnaði voru fengnar frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) í stað þess að koma frá einstökum framleiðendum.

**Mynd 1. Hlutdeild atvinnugreina í verðmæti seldra framleiðsluvara 2001–2004**
*Figure 1. Share of industries in total value of sold productions 2001–2004*




*Reglur um birtingu talna*

Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki eru þannig að þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu, eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild, eru tölur þeirra ekki birtar nema að höfðu samráði við hlutaðeigandi framleiðendur. Þar við bætist að framleiðsla á sumum vörutegundum er of lítil til að hægt sé að birta fulla sundurliðun framleiðslunnar. Reynt er að fella slíkar vörur inn í aðra yfirflokka með skyldum vörutegundum, en þegar það er ekki mögulegt eru þær færðar undir safnliðinn „Aðrar vörur ót.a.“.

**Mynd 2. Verðmæti seldra framleiðsluvara (án fiskvinnslu) 2003 og 2004**
*Figure 2. Value of sold production (excl. fish production) 2003 and 2004*




Myndin sýnir ekki verðmæti seldra fiskafurða sem voru 105 milljarðar árið 2003 og 113 milljarðar árið 2004. *The figure does not show the value of sold fish production which amounted to 105 billion ISK in 2003 and 113 billion ISK in 2004 (for english translation see table 1)* .

## Heildarverðmæti seldrar framleiðslu

*Heildarverðmæti 302 milljarðar árið 2004*

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara var 302 milljarðar árið 2004 en var 283 milljarðar árið 2003, sem er 7% aukning milli ára. Ef litið er á heildarverðmæti seldra framleiðsluvara fyrir utan fiskvinnslu má sjá að það hefur aukist um 6,3% milli áranna 2003 og 2004, en það fór úr 178 milljörðum árið 2003 í 189 milljarða árið 2004.

*Verðmæti útfluttra fiskafurða jókst um 8,3% milli ára*

Heildarverðmæti útfluttra fiskafurða jókst um 8,3% frá árinu 2003, var 105 milljarðar árið 2003 en 113 milljarðar árið 2004. Á sama tíma hefur magnið aukist um 11,5%, úr 642 þúsund tonnum árið 2003 í 716 þúsund tonn árið 2004.

*Meiri verðmæti í 13 atvinnugreinum af 17*

Milli áranna 2003 og 2004 jókst verðmæti seldrar framleiðslu í 13 atvinnugreinum en dróst saman í fjórum. Hlutfallslega var mesta aukningin í framleiðslu og viðhaldi á lækninga- og rannsóknartækjum, en hún nam nærri 49%, fór úr 3 milljörðum í 4,5. Þá var einnig umtalsverð aukning í gler-, leir- og steinefnaiðnaði, fór úr 8,4 milljörðum í 11 á tímabilinu, sem er tæplega 31% aukning. Í trjáiðnaði nam aukningin 16,9% eða hálfum milljarði króna, úr 2,9 milljörðum 2003 í 3,4 milljarða ári síðar. Í efnaiðnaði jókst söluverðmæti um 16,2% milli ára, var 13,5 milljarðar árið 2003 en 15,7 árið 2004. Í útgáfustarfsemi og prentiðnaði jókst verðmæti seldrar framleiðslu um 15,7%, fór úr 14,1 milljarði í 16,3. Í samanlögðum flokki málmsmíða og viðgerða annarsvegar og vélsmíða og vélaviðgerða hinsvegar nam aukningin 13% og í framleiðslu annarra farartækja 12,1%. Aðrar atvinnugreinar sem juku heildarverðmæti seldra framleiðsluvara milli áranna 2003 og 2004 voru; húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði og annar iðnaður (7,9%), framleiðsla vélknúinna ökutækja (7,4%), textíliðnaður (5,4%), matvæla- og drykkjarvöruiðnaður (4,2%), gúmmí- og plastvöruframleiðsla (3,9 %) og framleiðsla málma (3%).

Samdráttur var mestur milli áranna 2003 og 2004 í fata- og leðuriðnaði en verðmæti seldrar framleiðslu fór úr 900 milljónum í 700 milljónir króna á tímabilinu (-14,8%). Þá var 13,6% samdráttur í samanlögðum flokkum framleiðslu og viðgerðum rafmagnsvéla og tækja annarsvegar og framleiðslu fjarskiptabúnaðar og tækja hinsvegar og 12,3% samdráttur í atvinnugreininni nám og vinnsla hráefna úr jörðu. Í pappírsiðnaði nam samdrátturinn 4,6%.

*Hlutur atvinnugreina*

Þegar litið er á hlutdeild einstakra atvinnugreina í heildarverðmæti seldrar framleiðslu á árunum 2001 til 2004 má sjá að hún er nokkuð stöðug á tímabilinu. Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla á langstærstu hlutdeildina eða 57,9% árið 2001 og 55,1% árið 2004. Vægi efnaiðnaðar hefur aukist nokkuð á þessu tímabili, úr 3,1% árið 2001 í 5,2% árið 2004.

## English summary

Total value of sold production amounted to 302 billion ISK in 2004 which is an increase of 20 billion ISK from previous year. The value of sold production increased in 13 out of 17 industries during this period. The greatest increase between 2003 and 2004 was in the manufacture of electronic machinery and communication equipment (48.9%) while the most downturn was in the manufacture of wearing apparel and leather products (-14.8%).

The share between industries was stable between 2003 and 2004. The share of food and beverage manufacture dominated other industries with a share of 55.1% in 2004, there of 37.4% in fish production.

## Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2001–2004
*Table 1. Value of sold production 2001–2004*

| | | 2001 | |
|---|---|---|---|
| | | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % |
| 14 | Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu *Mining and quarrying* | 2.238,9 | 0,8 |
| 15 | Matvæla og drykkjarvöruiðnaður *Manufacture of food products and beverages* | 163.053,5 | 57,9 |
| 17 | Textíliðnaður *Manufacture of textiles* | 3.132,0 | 1,1 |
| 18 | Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna *Manufacture of wearing apparel; dressing and dyeing of fur*[2] | 1.147,3 | 0,4 |
| 19 | Leðuriðnaður *Manufacture of leather products* | 47,1 | 0,0 |
| 20 | Trjáiðnaður *Manufacture of wood products* | 3.192,2 | 1,1 |
| 21 | Pappírsiðnaður *Manufacture of paper and paper products* | 1.974,6 | 0,7 |
| 22 | Útgáfustarfsemi og prentiðnaður *Publishing, printing and reproduction of recorded media* | 13.717,7 | 4,9 |
| 24 | Efnaiðnaður *Manufacture of chemicals and chemical products* | 8.837,2 | 3,1 |
| 25 | Gúmmí og plastvöruframleiðsla *Manufacture of rubber and plastic products* | 4.226,8 | 1,5 |
| 26 | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður *Manufacture of non-metallic mineral products* | 8.659,7 | 3,1 |
| 27 | Framleiðsla málma *Manufacture of basic metals* | 41.813,6 | 14,8 |
| 28/29 | Málmsmíði og viðg. / Vélsmíði og vélaviðg. *Fabricated metal products/machinery and equipment* | 18.784,5 | 6,7 |
| 31/32 | Framl. og viðg. rafmagnsvéla/tækja / fjarskiptabúnaðar/tækja *Manufacture of el. machinery / communication equipment*[3] | 1.467,1 | 0,5 |
| 33 | Framl. á lækn.tækjum, mæli- og ranns.tækjum, úrum o.fl *Man. of medical, precision and optical instr.* | 3.240,3 | 1,2 |
| 34 | Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla *Manufacture of motor vehicles and trailers* | 325,8 | 0,1 |
| 35 | Framleiðsla annara farartækja *Manufacture of other transport equipment* | 3.289,3 | 1,2 |
| 36 | Húsg.iðnaður, skartgripasmíði, hljóðf.smíði og annar iðnaður *Man. of furniture: manufacturing n.e.c* | 2.460,3 | 0,9 |
| | **Alls *Total*** | **281.608,0** | **100,0** |
| | Þar af fiskvinnsla | 114.339,9 | |
| | **Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara fyrir utan fiskvinnslu** | **167.268,1** | |

1 Árið 2003 voru veltumörk fyrirtækja í úrtaki hækkuð úr 15 milljónum í 30. *In the year 2003 the threshold was raised from 15 million ISK to 30 million ISK (annual turnover of enterprises)*
2 Árið 2004 er verðmæti lagt saman fyrir vörunúmer 18 og 19 vegna of fárra fyrirtækja í atvinnugrein 19. *In 2004 the value is for Prodcom numbers 18 and 19 because of too few enterprises in NACE 19.*
3 Árið 2004 er eingöngu um vörunúmer 31 að ræða. *In 2004 the numbers are for Prodcom number 31 only.*

| 2002 | | 2003 [1] | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % |
| 1.932,8 | 0,7 | 1.682,5 | 0,6 | 1.475,0 | 0,5 |
| 172.812,2 | 59,7 | 159.880,1 | 56,6 | 166.644,6 | 55,1 |
| 3.218,3 | 1,1 | 3.068,5 | 1,1 | 3.234,7 | 1,1 |
| 928,1 | 0,3 | 815,5 | 0,3 | 725,2 | 0,2 |
| 48,0 | 0,0 | 35,3 | 0,0 | | |
| 2.960,2 | 1,0 | 2.896,3 | 1,0 | 3.387,2 | 1,1 |
| 2.051,1 | 0,7 | 1.957,3 | 0,7 | 1.866,7 | 0,6 |
| 13.888,1 | 4,8 | 14.077,6 | 5,0 | 16.290,2 | 5,4 |
| 9.043,9 | 3,1 | 13.517,0 | 4,8 | 15.709,4 | 5,2 |
| 4.165,6 | 1,4 | 4.637,4 | 1,6 | 4.818,4 | 1,6 |
| 7.403,0 | 2,6 | 8.410,4 | 3,0 | 11.012,7 | 3,6 |
| 42.291,1 | 14,6 | 41.648,7 | 14,7 | 42.880,7 | 14,2 |
| 17.881,6 | 6,2 | 16.937,5 | 6,0 | 19.142,1 | 6,3 |
| 1.254,1 | 0,4 | 989,6 | 0,4 | 854,847 | 0,3 |
| 3.799,9 | 1,3 | 3.037,3 | 1,1 | 4.514,4 | 1,5 |
| 204,2 | 0,1 | 274,3 | 0,1 | 294,6 | 0,1 |
| 3.171,5 | 1,1 | 5.639,1 | 2,0 | 6.319,5 | 2,1 |
| 2.581,9 | 0,9 | 3.082,7 | 1,1 | 3.327,1 | 1,1 |
| **289.635,5** | **100,0** | **282.587,0** | **100,0** | **302.497,3** | **100,0** |
| 122.028,8 | | 104.580,0 | | 113.233,5 | |
| **167.606,7** | | **178.007,1** | | **189.263,8** | |

# Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2004
*Table 2. Sold production 2004*

| Prodcom | | Eining<br>*Units* | Fjöldi fyrirtækja<br>*Number* | Magn<br>*Quantity* | Verðmæti, millj. kr.<br>*Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **14** | **Nám og vinnsla hráefna úr jörðu, annara en málma** | | | | **1.475,0** |
| 14211210 | Möl í steinsteypu, til vegagerðar o.þ.h. | tonn | 5 | 1.430.333 | 587,3 |
| 14502250 | Vikur, smergil, náttúrulegt kórund og granat og önnur náttúruleg slípiefni | tonn | 2 | 37.045 | 102,1 |
| 14502320 | Kísílgúr (þ.m.t. kísilsalli og önnur kísilrík jarðefni) | tonn | 1 | 19.332 | 393,9 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 391,7 |
| **15** | **Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður** | | | | **166.644,6** |
| 151111 | Nýtt eða fryst nautgripakjöt | kg | 14 | 2.494.951 | 1.163,1 |
| 151113 | Nýtt eða fryst svínakjöt | kg | 12 | 805.150 | 410,0 |
| 15111500 | Nýtt lamba- og kindakjöt | kg | 14 | 2.931.927 | 1.571,3 |
| 15111600 | Fryst lamba- og kindakjöt | kg | 8 | 4.369.896 | 2.016,2 |
| 15111800 | Nýtt eða fryst hrossakjöt | kg | 10 | 722.900 | 161,5 |
| 15111900 | Nýr eða frystur innmatur úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitfé eða hrossum | kg | 6 | 566.235 | 95,8 |
| 15112 | Óþvegin ull, gærur, húðir og skinn | kg | 3 | … | 34,1 |
| 151211001 | Nýtt eða kælt kjöt af hænsnum eða kjúklingum | kg | 3 | … | 1.524,4 |
| 15121300 | Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt | kg | 3 | … | 38,8 |
| 15131100 | Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað | kg | 15 | 1.283.355 | 954,5 |
| 151311001 | Nauta- og kálfakjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 3 | 752 | 0,5 |
| 151311002 | Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 15 | 1.096.529 | 840,2 |
| 151311009 | Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 3 | 80.570 | 28,4 |
| 15131213 | Pylsur og áþekkar afurðir úr lifur | kg | 4 | 128.814 | 98,9 |
| 15131215 | Pylsur úr öðru en lifur | kg | 9 | 1.315.211 | 810,5 |
| 15131225 | Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté | kg | 6 | 158.787 | 97,9 |
| 15131240 | Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti | kg | 15 | 2.395.174 | 1.488,2 |
| 15131260 | Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti | kg | 17 | ... | 1.078,4 |
| 15131265 | Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti | kg | 18 | 1.877.931 | 1.442,3 |
| 15131290 | Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat | kg | 11 | 1.324.246 | 883,8 |
| 15199999 | Slátrun og önnur útseld þjónusta | • | 3 | • | 54,0 |
| 15201130 | Fersk fisklifur og hrogn | kg | … | 68.067 | 34,7 |
| 15201190 | Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur | tonn | … | 20.853 | 11.893,8 |
| 15201210 | Heilfrystur sjávarfiskur | tonn | … | 105.695 | 10.186,2 |
| 15201250 | Fryst fisklifur og hrogn | tonn | … | 10.433 | 2.624,6 |
| 15201270 | Fryst fiskflök | tonn | … | 110.641 | 31.953,2 |
| 15201290 | Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur | tonn | … | 53.939 | 3.974,0 |
| 15201310 | Fín- og grófmalað fiskmjöl, fisklifur og hrogn | tonn | … | 1.987 | 892,5 |
| 15201330 | Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt | tonn | … | 16.015 | 5.899,2 |
| 15201353 | Reyktur lax (einnig í flökum) | kg | … | 78.859 | 75,9 |
| 15201355 | Reykt síld (einnig í flökum) | kg | … | 68.388 | 32,7 |
| 15201359 | Reyktur fiskur (einnig í flökum) | kg | … | 111.341 | 61,8 |
| 15201370 | Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður | tonn | … | 52.329 | 17.666,2 |
| 15201411 | Unnar vörur úr laxi | kg | … | 20.121 | 14,2 |
| 15201412 | Unnar vörur úr síld | kg | … | 1.069.639 | 125,9 |
| 15201419 | Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar) | kg | … | 587.677 | 95,3 |
| 15201430 | Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski) | kg | … | 583.970 | 185,8 |
| 15201459 | Kavíarlíki | kg | … | 1.602.684 | 1.131,4 |
| 15201530 | Fryst krabbadýr; fryst mjöl og kögglar úr krabbadýrum; hæft til manneldis | kg | … | 5.332.549 | 1.787,3 |
| 15201553 | Frystur hörpudiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi | kg | … | 6.502 | 4,0 |
| 15201559 | Vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir | kg | … | 2.630.077 | 419,4 |
| 15201600 | Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h. | tonn | … | 25.947 | 10.767,3 |
| 15201700 | Mjöl, gróf- og fínmalað, óhæft til manneldis | tonn | … | 255.601 | 12.625,7 |
| 15201800 | Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fóðurs | tonn | … | 50.534 | 772,5 |
| 1532/1533 | Ávaxta- og grænmetissafi / ávextir og grænmeti | kg | 7 | … | 1.242,5 |
| 15411150 | Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum | tonn | … | 66.254 | 4.817,0 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2004 (frh.)
*Table 2. Sold production 2004 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 15511130 | Mjólk sem í er <= 1% fita, án viðbótarefna | ltr | … | 3.265.990 | 223,9 |
| 15511140 | Mjólk og rjómi sem í er > 1% fita og <= 3%; ekki kjörnuð eða með sætum viðbótarefnum | ltr | … | 15.456.068 | 1.058,1 |
| 15511160 | Mjólk og rjómi sem í er > 3% fita og < = 6%; ekki kjörnuð eða með sætum viðbótarefnum | ltr | … | 14.630.029 | 1.073,9 |
| 15511200 | Rjómi sem í er > 6% fita; ekki kjarnaður eða með sætum viðbótarefnum | ltr | … | 1.916.572 | 903,5 |
| 15512030 | Þurrmjólk sem í er <= 1,5% fita (undanrennuduft) | kg | … | 432.960 | 153,6 |
| 15512060 | Þurrmjólk og -rjómi sem í er > 1.5% fita | kg | … | 257.758 | 90,6 |
| 15513030 | Smjör með <= 85% fitu | kg | … | 1.155.550 | 467,8 |
| 15513050 | Smjör með > = 85% fitu og önnur fita og olía úr mjólk | kg | … | 92 | 0,0 |
| 15513070 | Mjólkurviðbit með < 80% fitu | kg | … | 345.699 | 124,5 |
| 15514030 | Nýr ostur, mysuostur og ystingur (ostamassi) | kg | … | 478.275 | 251,0 |
| 15514050 | Rifinn og mulinn ostur, gráðostur og annar óunninn ostur (ekki nýr ostur, mysuostur og ystingur (ostamassi)) | kg | … | 34.617 | 41,8 |
| 15514070 | Fullunninn ostur (ekki rifinn eða mulinn) | kg | … | 3.797.060 | 2.781,9 |
| 15515243 | Hrein jógurt eða sýrð mjólk | kg | … | 2.418.609 | 498,3 |
| 15515245 | Bragðbætt jógurt eða sýrð mjólk | kg | … | 4.591.651 | 1.154,2 |
| 15515250 | Hreint skyr | kg | … | 733.870 | 127,9 |
| 155152501 | Bragðbætt skyr | kg | … | 2.002.823 | 760,4 |
| 15515265 | Súrmjólk | kg | … | 1.503.754 | 146,7 |
| 15515540 | Mysa eða umbreytt mysa í vökva- eða deigformi; með eða án sætrar íblöndunar | kg | … | 261.462 | 15,6 |
| 15515590 | Mjólkurafurðir úr náttúrulegum mjólkurefnum, ót.a. | kg | … | 5.396.717 | 1.725,0 |
| 15521000 | Rjómaís og annar neysluhæfur ís | ltr | 3 | 3.128.629 | 876,4 |
| 15711010 | Húsdýra- og fiskeldisfóður[1] | tonn | 6 | 70.348 | 2.808,4 |
| 15811100 | Nýtt brauð | kg | 45 | … | 3.262,8 |
| 15811200 | Kökur og sætabrauð; aðrar bakaríisvörur blandaðar sætuefnum | kg | 45 | … | 1.479,3 |
| 15821150 | Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur | kg | 3 | 4.872 | 3,4 |
| 15821253 | Sætakex og smákökur, vöfflur og kexþynnur, húðaðar eða hjúpaðar súkkulaði | kg | 6 | 486.461 | 199,8 |
| 15821255 | Sætakex, þ.m.t. kremkex | kg | 3 | 154.594 | 47,0 |
| 158213 | Annað brauð, kex eða kökur[2] | kg | 3 | … | 249,3 |
| 15821390 | Aðrar bakaðar vörur án sætuefna, ót.a. | kg | 36 | … | 565,1 |
| 15842233 | Fyllt súkkulaði í plötum eða stöngum með fyllingu | kg | 4 | 115.143 | 88,2 |
| 15842235 | Súkkulaði í plötum eða stöngum með korni, ávöxtum eða hnetum | kg | 4 | 289.610 | 230,8 |
| 15842239 | Súkkulaði í plötum eða stöngum (hreint) | kg | 3 | 353.021 | 222,7 |
| 158422531 | Konfekt | kg | 3 | 164.812 | 243,2 |
| 158422901 | Önnur matvæli húðuð eða hjúpuð súkkulaði[4] | kg | 6 | 953.494 | 523,3 |
| 158422909 | Matvörur með kakói, ót.a.[3] | kg | 5 | 222.150 | 254,9 |
| 15842390 | Sætindi ót.a. [4] | kg | 5 | 816.772 | 443,8 |
| 158611 | Brennt kaffi | kg | 3 | | 410,7 |
| 1587 | Krydd og bragðefnaframleiðsla | kg | 6 | 1.706.781 | 372,2 |
| 159610 | Bjór, pilsner og malt | ltr | 3 | 14.504.360 | } |
| 159811 | Vatn, þ.m.t. kolsýrt vatn með eða án sætuefna | ltr | 3 | 5.962.756 | } 5.055,5 |
| 15981230 | Gosdrykkir (þ.m.t. ölkelduvatn og kolsýrt vatn) með sætu- og bragðefnum | ltr | 2 | 43.949.926 | } |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 3.633,5 |
| **17** | **Textíliðnaður** | | | | **3.234,7** |
| 17102000 | Náttúrulegar textíltrefjar unnar fyrir spuna | kg | 1 | 389.792 | 77,4 |
| 17104200 | Ullargarn, ekki til smásölu | kg | 3 | 645.947 | 223,0 |
| 1740 | Tilbúin textílvara önnur en fatnaður | … | 4 | … | 165,5 |
| 17521 | Framleiðsla á köðlum, garni og netum | kg | 9 | … | 2.046,2 |
| 17529000 | Viðgerðir á netum og köðlum | • | 13 | • | 622,4 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 100,1 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2004 (frh.)
*Table 2. Sold production 2004 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **18/19** | **Fataiðnaður, sútun og litun loðskinna** | | | | **725,2** |
| 1824 | Annar fatnaður og fylgihlutir | … | 6 | … | 179,4 |
| 1830/1920 | Sútun og litun loðskinna; framleiðsla úr loðskinnum; leðuriðnaður | • | 6 | • | 524,2 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 21,6 |
| **20** | **Trjáiðnaður** | | | | **3.387,2** |
| 20301 | Smíðahlutir úr viði til húsasmíða | … | 9 | … | 1.350,9 |
| | Útseld viðgerðarþjónusta í trjáiðnaði | • | 17 | • | 73,4 |
| | Önnur ótalinn framleiðsla úr tré | | 24 | … | 1.962,9 |
| **21** | **Pappírsiðnaður** | | 4 | | **1.866,7** |
| **22** | **Útgáfustarfsemi og prentiðnaður** | | | | **16.290,2** |
| 2211 | Bókaútgáfa | stk | 16 | … | 2.188,5 |
| 22121000 | Dagblöð, fréttablöð og tímarit, útgefin a.m.k. fjórum sinnum í viku | stk | 3 | … | 5.325,7 |
| 22131100 | Dagblöð, fréttablöð og tímarit, sem koma út sjaldnar en fjórum sinnum í viku. | stk | 15 | … | 1.395,5 |
| 22141150 | Útgáfa tónlistar á geisladiskum | stk | 4 | … | 263,2 |
| 2222 | Prentun | • | 31 | • | 6.324,1 |
| 2225 | Önnur þjónusta tengd prentiðnaði [5] | • | 4 | • | 793,2 |
| **24** | **Efnaiðnaður** | | | | **15.709,4** |
| 2430 | Málning, þekju-, fylli- og þéttiefni | kg | 3 | … | 1.230,8 |
| 246 | Annar efnaiðnaður [6] | ... | 17 | … | 14.478,7 |
| **25** | **Gúmmí- og plastvöruframleiðsla** | | | | **4.818,4** |
| 251 | Gúmmívöruframleiðsla | … | 4 | … | 197,3 |
| 2522 | Umbúðaplast | … | 8 | … | 2.739,2 |
| 2523 | Byggingavörur úr plasti | … | 7 | … | 574,7 |
| 2524 | Aðrar plastvörur [7] | … | 17 | … | 1.307,3 |
| **26** | **Gler-, leir- og steinefnaiðnaður** | | | | **11.012,7** |
| 2611 | Glerplötur | m² | 4 | | 88,5 |
| 26121330 | Marglaga einangrunargler [8] | m² | 7 | | 837,0 |
| 26511230 | Portlandsement (ekki hvítsement) | tonn | 1 | 100.287 | 793,3 |
| 26611150 | Þaksteinn, flísar, hellur o.þ.h. vörur úr sementi, steinsteypu eða gervisteini (ekki hleðslusteinar og múrsteinar) | kg | 5 | … | 715,4 |
| 26611200 | Steyptar byggingareiningar úr sementi, steinsteypu eða gervisteini | kg | 5 | … | 1.513,3 |
| 26611300 | Rör úr sementi, steinsteypu, eða gervisteini | kg | 3 | … | 432,3 |
| 26631000 | Tilbúin steinsteypa | $m^3$ | 8 | 385.454 | 3.432,8 |
| 2670 | Annar unninn steinn til höggmyndagerðar eða bygginga | ... | 5 | … | 403,9 |
| 26821300 | Malbik | tonn | 5 | 265.908 | 1.221,4 |
| 26821610 | Gjallull, steinull o.þ.h. | kg | 1 | 186.003 | 750,1 |
| | Aðrar vörur ót.a. | | | | 824,8 |
| **27** | **Framleiðsla málma** | | | | **42.880,7** |
| 27102020 | Kísiljárn | tonn | 1 | 119.389 | 6.561,8 |
| 27102090 | Annað járnblendi, ót.a. | tonn | 1 | 22.533 | 195,6 |
| 27421130 | Hreint, óunnið ál [9] | tonn | 2 | 284.700 | 34.641,2 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 1.482,1 |
| **28** | **Málmsmíði og viðgerðir** | | | | **9.537,0** |
| | Málmsmíði | … | 80 | … | 5.975,6 |
| | Viðgerðir | • | 86 | • | 3.561,4 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2004 (frh.)
*Table 2. Sold production 2004 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **29** | **Vélsmíði og vélaviðgerðir** | | | | **9.605,1** |
| | Vélsmíði | … | 44 | … | 8.020,0 |
| | Viðgerðir | • | 42 | • | 1.585,0 |
| **31** | **Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja** | | | | **854,8** |
| | Nýsmíði | … | 14 | … | 527,1 |
| | Viðgerðir | • | 13 | • | 327,8 |
| **33** | **Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.** | | | | **4.514,4** |
| | Nýsmíði | … | 9 | … | 4.268,5 |
| | Viðgerðir | • | 9 | • | 245,9 |
| **34** | **Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla** | | 7 | | **294,6** |
| **35** | **Framleiðsla annarra farartækja** | | 24 | | **6.319,5** |
| **36** | **Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður** | | | | **3.327,1** |
| 361 | Húsgagnaiðnaður | … | 34 | … | 3.003,0 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 324,1 |
| | **Alls** | | | | **302.497,3** |

1 Þ.m.t. 15721030 - Hunda- og kattafóður.
2 Þ.m.t. 15821230 - Hunangskökur (engiferkökur) o.þ.h.
3 Þ.m.t. 158422902 - Páskaegg, 158422903 - íssósur og ídýfur og 158422800 - drykkjarvöruefni með kakói
4 Þ.m.t. 158423200 - Lakkrís og lakkrísvörur, 15842355 - Hálstöflur, 15842363 - Sykurhúðaðar töflur, 15842365 - Gúmmí og ávaxtahlaup, 15842373 - Brjóstsykur, 15842375 - Karamellur.
5 Þ.m.t. 2224 - Prentsmíð, 223 - fjölfaldaðir gagnamiðlar og fjölfaldað myndefni á myndbandsspólum
6 Þ.m.t. 241 - Framleiðsla á grunnefnum til efnaiðnaðar, 244 - framleiðsla á lyfjum og 245 - framleiðsla á sápum, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningarefnum og snyrtiv-rum
7 Þ.m.t. 2521 Plötur, rör o.þ.h. úr plastefnum
8 Þ.m.t. 26121190 - Plötugler og 261212 - Öryggisgler.
9 Þ.m.t. 27422230 - Hleifar, stengur og prófílar úr hreinu áli

Hagtíðindi
Statistical Series
90. árgangur nr. 53
ISSN 0019-1078

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
afgreidsla@hagstofa.is

**Iðnaður**
***Manufacturing***

2005:1
ISSN 1670-455X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4568 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 6*
Umsjón *Supervision* Þórarinna Söebech • thorarinna.soebech@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*